



# HANDBÓK LEIKJA 2017

Ábendingar og tilmæli til félaga

Samþykkt af stjórn KSÍ 26. apríl 2017 í  
samræmi við grein 1.4 í reglugerð KSÍ  
um knattspyrnumót

## EFNISYFIRLIT

Skrifstofa KSÍ .....	1
Inngangur .....	2
Fyrir mót - Almenn .....	2
Dagatal .....	6
Aðgöngumiðar og skírteini .....	7
Samstarfsaðilar .....	7
Leikvangur .....	10
Framkvæmd og umgjörð leiks .....	14
Þjónusta .....	16
Starfsfólk heimaliðs .....	17
Fjölmíðlar – aðstaða .....	19
Fjölmíðlar – þjónusta .....	22
Skráning úrslita og leikskýrslu .....	23
Tengiliður .....	25
Leyfisreglugerð .....	25
Viðbótarefni .....	26

*Viðbótarefni hjálagað á eftir bls. 27 í þessu hefti (gátlistar, skýringarmyndir, leiðbeiningar, tilmæli, eyðublöð) félögum til hagræðis þannig að hægt sé að fjölfalda þau eftir þörfum.*

*Þessa handbók ásamt viðaukum er einnig að finna á vef KSÍ:*

<http://www.ksi.is/mot/handbok-leikja/>

### SKRIFSTOFA KSÍ

Sími / Fax  
Tölvupóstur / Vefur  
Tölvupóstfang félagaskipta

510-2900 / 568-9793  
ksi@ksi.is / www.ksi.is  
felagaskipti@ksi.is

Á **vef KSÍ** er að finna upplýsingar um allt sem viðkemur starfsemi KSÍ. Sérstaklega skal bent á upplýsingar um knattspyrnumótin. Einnig er hægt að nálgast þar nöfn dómara og eftirlitsmanna einstakra leikja.

**Mótavakt KSÍ** í síma **510-2925** er starfrækt yfir keppnistímabilið fram að auglýstum leiktíma í mótum í meistaraflokki. Símanúmer mótavaktar er einnig neyðarsímanúmer móta- og dómaranefndar utan ofangreinds tíma.

## INNGANGUR

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar öllum félögum við framkvæmd leikja í meistaraflokki karla og kvenna. Sérstaklega er þó tekið mið af leikjum í Pepsi-deild karla, Pepsi-deild kvenna, Inkasso-deild karla og aðalkeppni Borgunarbikarsins.

## FYRIR MÓT - ALMENNT

### Lög og reglugerðir KSÍ

Á vef KSÍ er að finna lög KSÍ og allar reglur sem varða knattspyrnumót. Félögum er sérstaklega bent á kynna sér vel breytingar sem gerðar eru, en þær eru sendar út með dreifibréfum sem jafnframt eru birt á heimasíðu KSÍ undir lög og reglugerðir (<http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir>).

### Bréf og leiðbeiningar frá KSÍ – Dreifibréf

Á hverju ári sendir skrifstofa KSÍ dreifibréf til félaganna sem nauðsynlegt er að taka mið af. Skipuleg varðveisla slíkra bréfa og dreifing til allra sem hlut eiga að máli er mikilvæg. Það hefur stóru áhrif að KSÍ sendi félögum upplýsingar með tölvupósti. Athugið að ýmsar tilkynningar eru einnig birtar á vef KSÍ og öll dreifibréf eru vistuð þessari síðu: <http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir/dreifibref/>.

Þau dreifibréf frá árinu 2017 sem vakin er sérstök athygli á eru eftirfarandi:

*Dreifibréf nr. 1 – Fjallar um búnað knattspyrnuliða.* Samkvæmt breytingum, sem urðu á reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnuliða í janúar, njóta félög nú meira frjálssræðis en áður þegar kemur að merkingum og auglýsingum á keppnisbúningum. Helstu takmarkanir sem settar eru á stærð auglýsinga á keppnistreyju eru þær að aðallitir keppnisbúnings séu vel greinanlegir. Er framkvæmdastjóra KSÍ falið eftirlit með merkingum og auglýsingum á búningum. Meti framkvæmdastjóri KSÍ að merkingar eða auglýsingar á keppnisbúningum gangi gegn ákvæðum reglugerðarinnar þá skulu félög sem taka þátt í mótum á vegum KSÍ gera nauðsynlegar úrbætur á keppnisbúningi sínum. Er framkvæmdastjóra heimilt að vísa meintum brotum á reglugerðinni til aga- og úrskurðarnefndar.

*Dreifibréf nr. 2 – Fjallar um breytingar á reglum um heimaalda leikmenn, bikarkeppni KSÍ, 5. flokk karla og kvenna og fáeinir breytingar á hlutgengisreglum.* Um er að ræða breytingar sem fela í sér að nú ber félögum í Pepsi-deild karla og Inkasso-deild karla að senda til KSÍ, viku fyrir fyrsta leik, svokallaða A- og B leikmannalista. Leikmannalistarnir eru nánar skilgreindir í ákvæðum 9.2.1. og 9.2.2. en aðeins þeir leikmenn sem þar eru skráðir geta verið á leikskýrslu í leikjum í Pepsi-deild karla og Inkasso-deild karla. Þá var um að ræða breytingar þess efnis að bikarkeppni KSÍ hefst nú eftir miðjan apríl. Einnig hefur ferðakostnaður í bikarkeppni, sem skipt er á milli félaga, verið takmarkaður við fargjald frá viðurkenndu rútufyrtæki og/eða kostnað við siglingu á umræddri leið. Dreifibréfi nr. 2 greinir einnig frá breyttum reglum um skráningu liða til leiks í 3. – og 4. flokki karla og 5. flokki karla og kvenna. Þá voru kynntar breytingar sem fela í sér að 5. flokkur karla og kvenna munu nú spila í 8 manna liðum á Íslandsmótinu í knattspyrnu í stað þess að spila í 7 manna liðum. Loks var það kynnt að bráðabirgðaákvæði um þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. flokki kvenna mun áfram vera í gildi árið 2017.

*Dreifibréf nr. 3 – Fjallar um breytta reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7 manna liðum.* Breyta þurfti heiti reglugerðarinnar og tilvísun til sjálftrar reglugerðarinnar í fáeinum ákvæðum. Nú er því gert ráð fyrir að leikinn sé knattspyrna í 7 eða 8 manna liðum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar en ekki einungis 7 manna liðum.

## Breyting - færsla á leik

Einungis má breyta leikjum í meistaraflokki karla og kvenna frá útgefinni mótaskrá með samþykki mótanefndar. Slíkt er aðeins gert ef brýn nauðsyn er til og yfirleitt með góðum fyrirvara. Þegar félag eða félög saman óska eftir breytingu skulu þau nota til þess viðeigandi eyðublað (<http://www.ksi.is/mot/eydublod/>). Minnt er á að forráðamenn félaganna skulu staðfesta óskir um breytingar á leikjum, ekki þjálfarar.

Heimalið þarf að kynna vel breytingu á leik og hafa samband við fjölmiðla. Athugið að breytingar á leikjum í meistaraflokki eru eingöngu tilkynntar með tölvupósti. Sérstakt breytingagjald skal innheimt ef ósk um breytingu á leik berst innan við 7 daga fyrir leikdag. Gjald þetta er kr. 15.000 í meistaraflokki og kr. 2.000 í yngri flokkum. Ekki er innheimt gjald ef óskin um breytingu er nauðsynleg vegna verkefna landsliða eða annarra óviðráðanlegra orsaka.

## Úrskurðir aganefndar – leikbönn

Úrskurðir aganefndar eru tilkynntir aðildarfélögum með tölvupósti og kemur jafnframt fram í hvaða móti/keppni bannið gildir. Tilkynning um leikbann mun berast félagi með tölvupósti á netfang forráðamanns (eða forráðamanna) félagsins. Félögum ber að tilkynna KSÍ um netföng viðkomandi forráðamanns (eða forráðamanna) sem fyrst. Varðveitið tölvupóstinn á skipulegan hátt og tilkynnið strax þeim sem í hlut eiga um leikbönn. Sérstaklega er mikilvægt að kanna stöðu þessara mála við upphaf Íslandsmóts og bikarkeppni KSÍ. Reglubundna úrskurði (og aðra) má sjá á vef KSÍ (<http://www.ksi.is/agamal/>).

Þegar leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs í meistaraflokki fær brottvísun skal félag þess sem í hlut á fá senda skýrslu dómarsins um brottvísunina næsta virka dag ef brottvísunin getur leitt til þyngingar, skv. starfsreglum aganefndar. Það sama á við þegar dómari gerir skriflegar athugasemdir á leikskýrslu.

Mikilvægt er að félög fari vel yfir hvort að félagsmenn séu í leikbanni í upphafi Íslandsmóts og bikarkeppni KSÍ. Leikmenn (í meistaraflokki eða yngri flokkum) gætu átt eftir að taka út leikbann t.d. í bikarkeppni þó svo að brottvísun hafi átt sér stað snemma síðasta sumar. Ennfremur skulu félög fara vel yfir það hvort að þeir leikmenn sem hafa haft félagaskipti í félög þeirra, eigi eftir að taka út leikbönn.

## Félagaskipti – keppnisleyfi

Við félagaskipti er leikmaður hlutgengur með nýju félagi daginn eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttækin af skrifstofu KSÍ og keppnisleyfi hefur verið gefið út. Ef félagaskiptin eru staðgreidd í gegnum heimabanka er mikilvægt að senda greiðslukvittun á pósthafið: [felagaskipti@ksi.is](mailto:felagaskipti@ksi.is) þar sem fram kemur nafn þess leikmanns sem er að skipta um félag. Notið ekki leikmann fyrr en þið hafið keppnisleyfið í ykkar höndum. Geymið keppnisleyfin á vísun stað. Við tímabundin félagaskipti ber félögum að leggja fram samninginn sem gerður hefur verið um tímabundnu félagaskiptin. Sérstaklega er minnt á að samningurinn þarf að undirritast af leikmanni og báðum félögum. Athugið að keppnisleyfi verða að öllu jöfnu ekki gefin út utan venjulegs opnunartíma skrifstofu. Kynnið ykkur, og hafið í huga, dagsetningar félagaskiptagluggans.

Hægt er að skoða yfirlit félagaskipta á vef KSÍ (<http://www.ksi.is/mot/felagaskipti/>).

## Samningskylda leikmanna

Allir leikmenn sem taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum í meistaraflokki á tímabilinu 1. maí til 15. október með félagi sem á sæti í Pepsi-deild karla skulu vera á samningi samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og

félaga. Leikmenn 2. aldursflokks eða yngri eru undanskildir ákvæði þessu. Yfirlit leikmannasamninga má sjá á vef KSÍ (<http://www.ksi.is/mot/leikmannasamningar/>). Minnt er á að allir samningar skulu gerðir á formi staðalsamnings, sem finna má á vef KSÍ (<http://www.ksi.is/mot/eydublod/>).

#### **Tryggingar samningsbundinna leikmanna**

Allir samningsbundnir leikmenn skulu váttryggðir skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti samninga og stöðu leikmanna og félaga. Félagi er skylt að senda KSÍ afrit af tryggingarskírteini sínu fyrir slíka leikmenn og skal það gert fyrir 30. apríl.

#### **Fastnúmer leikmanna**

Leikmaður sem leikur í Pepsi-deild karla, Inkasso-deild karla og Pepsi-deild kvenna skal hafa sama númer í öllum leikjum í deildinni og einnig þegar hann tekur þátt í Borgunarbikarnum. Leikmenn hvers félags skulu númeraðir frá 1 til 99 en þó skal númerið 1 aðeins úthlutað markverði. Einungis er hægt að úthluta númeri aftur ef viðkomandi leikmaður hefur haft félagaskipti úr félaginu (á ekki við um tímabundin félagaskipti). Félög í Pepsi-deild karla og kvenna og Inkasso-deild karla skulu tilkynna KSÍ um númer leikmanna fyrir upphaf Íslandsmóts. Tilkynna skal um fastnúmer nýrra leikmanna til KSÍ í síðasta lagi einum degi fyrir leik. Í öllum öðrum mótum meistaraflokks á vegum KSÍ skulu leikmenn bera númer 1-99. Þar er ekki skylda að leikmaður beri sama treyjunúmer allt keppnistímabilið.

#### **A- og B leikmannalistar**

Félögum í Pepsi-deild karla og Inkasso-deild karla ber að senda til KSÍ, viku fyrir fyrsta leik, svokallaða A- og B leikmannalista, sbr. 9. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Leikmannalistarir eru nánar skilgreindir í ákvæðum 9.2.1. og 9.2.2. en aðeins þeir leikmenn sem þar eru skráðir geta verið á leikskýrslu í leikjum í Pepsi-deild karla og Inkasso-deild karla. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar meintum brotum á ákvæðum reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Listarnir þurfa að vera uppfærðir, ef við á, og sendir aftur til skrifstofu KSÍ þann 16. maí.

#### **Breytingar á knattspyrnulögunum**

Breytingar sem Alþjóðanefnd knattspyrnusambanda (IFAB) gerir á knattspyrnulögunum hverju sinni taka alla jafna ekki gildi fyrir en 1. júní ár hvert, en að fenginni heimild IFAB tók stjórn KSÍ þá ákvörðun að nýja útgáfa laganna taki gildi í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ 2017.

Flestar breytingarnar í ár fela í sér orðalagsbreytingar og hafa lítil áhrif á leikinn sjálfann. Inn á milli eru þó breytingar sem nauðsynlegt er að kynna sér.

Viðamesta breytingin í ár er að felld er niður áminning (gult spjald) fyrir að stöðva vænlega sókn þegar dæmd er vítaspyrna á brot sem felur í sér heiðarlega tilraun til þess að leika boltanum. Þetta er í rökréttu samræmi við það að nú er veitt áminning (gult spjald), í stað brottvísunar (rautt spjald), ef dómariinn dæmir vítaspyrnu á varnarmann sem rænir sóknarmann upplögðu marktækifæri, þegar um er að ræða heiðarlega tilraun til þess að leika boltanum.

#### **Helstu breytingar í ár eru:**

- **7. grein (Leiktíminn).** Framvegis verður gefið stutt „drykkjarhlé“ á milli hálfleikja í framlengingu.
- **8. grein (Upphafsspyrna).** Spyrnandinn í upphafsspyrnu má framvegis vera á vallahelmingi mótherjanna (þarna er verið að setja í lagatextann þann framgangsmáta sem í raun var notaður í fyrra).
- **11. grein (Rangstaða).** Í lögnum er nú skýrar kveðið að orði um hvenær refsá beri leikmanni í rangstöðu fyrir að trufla mótherja.
- **12. grein (Vænleg sókn stöðvuð).** Felld er niður áminning (gult spjald) fyrir að stoppa vænlega sókn þegar dæmd er vítaspyrna á brot sem felur í sér heiðarlega tilraun til þess að leika boltanum. Þetta er í rökréttu samræmi við það að nú er veitt áminning (gult spjald), í stað brottvísunar (rautt spjald), ef dómariinn dæmir vítaspyrnu á RUPL-brot sem felur í sér heiðarlega tilraun til þess að leika boltanum.
- **12. grein (Ræna upplögðu marktækifæri - RUPL).** Orðalagsbreyting í texta þar sem áréttað er að leikmaður sem „stefnir nokkurn veginn að“ marki mótherja geti verið rændur upplögðu marktækifæri jafnvel þó hann þurfi að skáskjóta sér í lok aðgerðar sinnar til þess að komast framhjá markverðinum/varnarmanninum.
- **13. grein (Aukaspurnur varnarliðs innan eigin vítateigs).** Ef mótherji, sem er innan vítateigsins þegar aukaspurnin er tekin, eða fer inn í teiginn áður en boltinn er kominn í leik, snertir boltann eða reynir að vinna hann áður en hann hefur verið snertur af öðrum leikmanni ber að endurtaka aukaspurnuna. Þessi breyting á framkvæmd aukaspyrna sem varnarlið tekur innan eigin vítateigs er í samræmi við fyrirmæli um framkvæmd markspyrnu í 16. grein laganna.
- **16. grein (Markspyrna).** Ef mótherji, sem staddur er innan vítateigs þegar markspyrna er tekin, eða sem fer inn í vítateiginn áður en boltinn er kominn í leik, snertir eða sækir að mótherja til þess að reyna að vinna boltann, áður en boltinn hefur snert annan leikmann, skal markspurnin endurtekin. (Sams konar breyting og í 13. grein laganna).

**Ítarlegt yfirlit yfir breytingar á knattspyrnulögnum er að finna í viðauka númer 4**

## DAGATAL

### Dregið í Borgunarbikarnum

Félög eru minnt á að senda ávallt fulltrúa sína - helst formann og framkvæmdastjóra - þegar dregið er í Borgunarbikarnum. Fyrir fjölmiðla er mikilvægt að þjálfari og fulltrúi leikmanna mæti einnig (æskilegt er að þessir aðilar mæti merktir sínu félagi). Í ár verður dregið sem hér segir:

<i>Umferð</i>	<i>Dagsetning og tími</i>	<i>Staður</i>
32 liða úrslit karla	3. maí kl. 12:00	Höfuðstöðvar KSÍ
16 liða úrslit karla	19. maí kl. 12:00	Höfuðstöðvar KSÍ
16 liða úrslit kvenna	24. maí kl. 12:00	Höfuðstöðvar KSÍ
8 liða úrslit karla og kvenna	6. júní kl. 12:00	Höfuðstöðvar KSÍ
Undanúrslit kvenna	26. júní kl. 12:00	Höfuðstöðvar KSÍ

## AÐGÖNGUMIÐAR OG SKÍRTEINI

### Aðgöngumiðar í Pepsi-deild karla

1. *Almennur miði í Pepsi-deild*
  - a. Seldur af hverju félagi fyrir sig.
  - b. Framleiddur af Pepsi (Ölgerðinni).
2. *Almennir miðar fyrir starfsfólk og viðskiptavinum Pepsi (Ölgerðarinnar) og aðra sem fyrirtækið býður, og fyrir notkun í markaðs- og kynningarstarfi fyrir Pepsi-deildina*
  - a. Pepsi (Ölgerðin) á rétt á samtals 600 almennum boðsmiðum á heimaleiki hvers félags yfir sumarið, en þó aldrei fleiri en 100 miða á hvern og einn leik (600 alls, aldrei fleiri en 100 á stakan leik).
  - b. Ákveðið verður í samráði Ölgerðarinnar og félaganna hvaða leiki er um að ræða.
  - c. Félög rukka Pepsi (Ölgerðina) beint í lok keppnistímabils. Framvísa þarf öllum miðum sem hafa skilað sér hjá viðkomandi félagi.
  - d. Félögin þurfa ekki að afhenda Pepsi (Ölgerðinni) neina miða, Ölgerðin tekur frá almenna miða þegar þeir eru prentaðir fyrir mót.

### Aðgöngumiðar í Borgunarbikarum

1. *Almennur miði*
  - a. Seldur af hverju félagi fyrir sig.
  - b. Framleiddur af viðkomandi félagi.
2. *Almennir miðar fyrir starfsfólk og viðskiptavinum Borgunar og aðra sem fyrirtækið býður, og fyrir notkun í markaðs- og kynningarstarfi fyrir Borgunarbikarinn*
  - a. Borgun á rétt á 10 boðsmiðum á hvern leik (fleiri á úrslitaleikina).
  - b. Miðinn er framleiddur af Borgun.

### A-passar, deildapassar, F-passar

Handhafi **A**-aðgönguskírteinis útgefna af KSÍ hefur ókeypis aðgang að öllum leikjum fyrir sig einan. Handhafi aðgönguskírteinis fyrir tiltekna deild (**PD, 1D, 2D, 3D**) útgefna af KSÍ hefur ókeypis aðgang að leikjum í viðkomandi deild fyrir sig einan. Hjá sumum félögum þarf handhafi aðgönguskírteinis að sækja aðgöngumiða á tiltekinn stað við leikvöllinn gegn framvísun skírteinisins og er sjálfsagt að verða við því.

Handhafi **F**-aðgönguskírteinis (fjölmíðlar) útgefna af KSÍ hefur ókeypis aðgang að öllum leikjum í deild og bikar fyrir sig einan, enda sé viðkomandi að starfa við leikinn, og gildir þá sem aðgangspassi að fjölmíðlaaðstöðu. Handhafi **F**-aðgönguskírteinis á að geta farið beint í gegnum aðgönguhlið án þess að sækja miða á leikinn á tiltekinn stað við leikvöllinn.

### Sérprentaðir aðgöngumiðar

Munið eftir merki mótanna ef aðgöngumiðar eru sérprentaðir af félögunum fyrir leiki í Pepsi-deild, Inkasso-deild eða Borgunarbikar (sjá einnig „Þáttur samstarfsaðila“).

## SAMSTARFSADILAR

### Þáttur samstarfsaðila

Lögð er þung áhersla á að félögin haldi merki samstarfsaðila móta á lofti. Framlag þeirra er mikið, ekki síst þáttur þeirra í kynningu mótanna. Fyrirtækin leggja mikla áherslu á að auka verðmæti samstarfsins eins mikið og mögulegt er með ýmsum aðgerðum og því eru félögin hvött til að eiga gott samstarf við þessi fyrirtæki, enda fara hagsmunir allra þessara aðila saman.



## **Auglýsingar og umfjöllun**

Munið eftir merki keppinnar í auglýsingum þar sem við á (merki Pepsi-deildar, Inkasso-deildar og Borgunarbikarsins). Mikilvægt er að forráðamenn félaga, leikmenn, þjálfarar og starfsmenn noti rétt heiti mótanna í umfjöllun og tali t.d. um Pepsi-deildina (ekki úrválsdeild) þar sem við á.

## **Veggspjöld til að auglýsa leiki**

Munið eftir merki keppinnar ef veggspjöld eru notuð til að auglýsa leiki í Pepsi-deildinni, Inkasso-deildinni og Borgunarbikarnum.

## **Leikskrár félaga – Merki mótanna og heilsíðuauglýsing**

Gefi félag í Pepsi-deild eða Inkasso-deild út leikskrá fyrir keppnistímabilið skal birta heilsíðuauglýsingu frá samstarfsaðilanum (Ölgerðinni eða Inkasso) í henni og merki deildarinnar á forsíðu. Gefi félag út einblöðung eða litla leikskrá fyrir hvern leik er fullnægjandi að vera með merki mótsins á forsíðu. Munið því eftir merki Pepsi-deildar, Inkasso-deildar og Borgunarbikars og munið að nota rétt heiti móta í umfjöllun. Munið eftir að birta nöfn dómara, aðstoðardómara og eftirlitsmanns í leikskrá eða einblöðungi sem kemur út á hverjum leik. Upplýsingar um þau nöfn verður að finna á vef KSÍ.

## **Merkingar á ermum búninga liða**

Treyjur leikmanna í Pepsi-deildum karla og kvenna skulu bera merkingar frá Pepsi á báðum ermum. Í úrslitaleikjum Borgunarbikarsins skulu treyjur bera merkingar Borgunar á báðum ermum. Þessar merkingar standa utan við reglugerð um búnað knattspyrnuliða og takmarka ekki aðrar auglýsingar sem leyfislegar eru á búningum.

## **Peppi Pepsi-dós**

Lukkutröll Pepsi-deildarinnar ber nafnið Peppi Pepsi-dós og verður að öllu jöfnu á þeim leikjum sem eru í beinni útsendingu sjónvarps (a.m.k. á einum leik í hverri umferð). Markmiðið er auðvitað að auka skemmtanagildi viðburðarins.

## **Viðurkenningar í Pepsi-deildum**

Viðurkenningar fyrir mótshluta í Pepsi-deildum verða gerðir upp í sjónvarpi og þeir fulltrúar félaga sem hljóta viðurkenningar boðaðir í sjónvarpssal til að taka á móti viðurkenningunni og veita viðtal.

## **Stuðningsmannaverðlaun**

Pepsi (Ölgerðin) stendur fyrir keppni milli stuðningsmanna liða í Pepsi-deildum karla og kvenna. Veittar verða viðurkenningar fyrir mótshluta og stuðningsmenn ársins svo verðlaunaðir í árslok.

## **Auglýsingaskilti samstarfsaðila**

- ↳ Á leikvöllum í Pepsi-deildum karla og kvenna skulu vera þrjú 1x8 eða 2x4 metra Pepsi-skilti á besta stað (m.t.t. sjónvarps). Þá skal einnig vera 1x12 metra eða 2x6 metra Pepsi-skilti gegnt áhorfendum, ásamt 1x8 metra skilti Borgunar – *Virðing fyrir leiknum*. Nánari útfærsla á staðsetningu skilta er í samráði við Hilmar Þór Guðmundsson hjá KSÍ ([hilmar@ksi.is](mailto:hilmar@ksi.is)). Sjá einnig í viðauka með þessu hefti.
- ↳ Á leikvöllum í Inkasso-deild karla skulu vera tvö 1x4 eða 2x4 metra Inkasso skilti á besta stað (m.t.t. sjónvarps). Nánari útfærsla á staðsetningu skilta er í samráði við

Hilmar Þór Guðmundsson hjá KSÍ ([hilmar@ksi.is](mailto:hilmar@ksi.is)). *Möguleg sérútfærsla fyrir keppnistímabilið 2017.*

- ↪ Frá og með 32-liða úrslitum Borgunarbikars karla og 8-liða úrslitum Borgunarbikars kvenna skulu skilti með merki keppinnar vera staðsett við völlinn (ef við á). Nánari útfærsla á staðsetningu skilta er í samráði við Hilmar Þór Guðmundsson hjá KSÍ ([hilmar@ksi.is](mailto:hilmar@ksi.is)). Sjá einnig í viðauka með þessu hefti. Í úrslitaleikjum beggja kynja, á Laugardalsvelli, er notast við LED ljósaskilti.
- ↪ Engar auglýsingar eða aðrar merkingar frá samkeppnisaðilum Borgunar geta verið á leikvanginum í úrslitaleikjum Borgunarbikars karla og kvenna.
- ↪ Félög eru minnt á að engin skilti á leikvöllum eiga að skyggja á skilti samstarfsaðila móta. Auglýsingaréttur samstarfsaðila við leikvöllinn er í fremstu röð skilta og enginn annar getur tekið yfir það svæði sem úthlutað er þeim samstarfsaðila, hvort sem um er að ræða Pepsi-deild eða önnur mót. Engin önnur skilti geta verið ofan á / undir eða skyggt á þessi skilti á nokkurn hátt. Jafnframt geta 3D teppi ekki verið við hlið markanna, þannig að þau skyggi á pláss Pepsi.

#### **Fánar samstarfsaðila**

- ↪ Á leikjum í Pepsi-deildum karla og kvenna skal flagga 6 Pepsi-fánum. Minnt er á að Pepsi-fánarnir eiga að vera áberandi og áhorfendum þarf að vera ljóst að þeir séu að koma á leik í Pepsi-deildinni. Staðsetning Pepsi-fána ætti að miðast við það.
- ↪ Á leikjum Inkasso-deildar karla skal flagga 3 Inkasso fánum.
- ↪ Á leikjum Borgunarbikars karla og kvenna skal flagga fána Borgunar.
- ↪ Á öllum leikjum skal fáni KSÍ vera uppi ásamt þjóðfánanum og fána Borgunar – Virðing fyrir leiknum.
- ↪ Í Pepsi-deildum karla og kvenna skal Pepsi-fáni vera borinn út á undan liðunum þegar þau ganga til leiks, ásamt fána Borgunar – Virðing fyrir leiknum.

## LEIKVANGUR

### Reglugerð

Reglugerð um knattspyrnuleikvanga er á vef KSÍ, ásamt ýmsum öðrum gagnlegum upplýsingum um uppbyggingu og umhirðu valla (<http://www.ksi.is/mannvirki>).

### Aðstaða áhorfenda

Aðstaða áhorfenda á leikvöllum hefur batnað og mun batna verulega á næstu árum, en stöðugt þarf að huga að úrbótum og sækja á bæjaryfirvöld um aðstoð. Mikilvægt er að áhorfendur hafi ekki aðgang að leikvelli, leikmönnum eða dómurum. Salernisaðstaða þarf að vera fullnægjandi. Stefna ætti að því að veita áhorfendum eins góða aðstöðu og þjónustu og mögulegt er, eins og öðrum mikilvægum viðskiptavinum. Hafið jafnframt í huga kröfur um aðstöðu og aðgengi fyrir fatlaða stuðningsmenn!

Félögin sem leika í Pepsi-deild karla og Inkasso-deild karla verða að uppfylla kröfur sem settar hafa verið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Fylgja þarf eftir yfirlýsingum bæjaryfirvalda um úrbætur á stúkumannvirkjum og sjá til þess að nauðsynlegar áætlanir séu gerðar (staðfestir samningar).

Vallarleyfi eru að öllu jöfnu gefin út til tveggja ára í senn. Upplýsingar um vallarleyfi má sjá á vef KSÍ undir þessari slóð: <http://www.ksi.is/mannvirki/knattspyrnuvellir/>. Hafi leikvangur félags ekki gilt vallarleyfi þarf að hafa strax samband við Jóhann Kristinsson starfsmann mannvirkjanefndar KSÍ ([johann@ksi.is](mailto:johann@ksi.is)). Það er á ábyrgð félagsins að vallarleyfi sé í gildi.

### Ólíkir hópar áhorfenda

Forráðamenn félaganna verða að vera vakandi fyrir því að áhorfendur koma á völinn á ólíkum forsendum. Sumir vilja sitja í rólegheitum og njóta þess að horfa á knattspyrnuleik, án þess að vera í miðjum harðasta kjarna stuðningsmanna. Börn eru einnig stór og mikilvægur hluti áhorfenda og taka verður tillit til þarfa barnanna og fjölskyldna þeirra. Félagin eru því hvött til að afmarka svæði í áhorfendaaðstöðu fyrir hörðustu stuðningsmannahópa – bæði fyrir heimalið og gestalið. Staðsetningarnar þarf vitanlega að kynna fyrir hópunum þegar þeir koma á svæðið.

### Bílastæði

Félög eru minnt á að merkja leið að bílastæðum og að stjórna umferð þar þannig að aðkoma áhorfenda að leikvelli verði sem best. Munið að huga að bílastæðum fyrir aðkomulið, dómara og eftirlitsmann.

### Aðstaða liða

Heimafélag skal kappkosta að búa báðum liðum sem besta aðstöðu. Í búningasklefum beggja liða skal vera nuddbekkur og tafla fyrir leikrænar leiðbeiningar þjálfara. Búningasklefar, ásamt vinnuaðstöðu og þjónustusvæði, skulu að öllu jöfnu vera aðgengilegir fyrir bæði lið tveimur tímum fyrir leik. Æskilegt er að takmarka aðgengi aðila sem eru óviðkomandi leiknum og framkvæmd hans að fyrrgreindum svæðum frá þeim tíma. Aðkomulið kemur með sína eigin knetti til upphitunar.

### Aðstaða eftirlitsmanns KSÍ

Eftirlitsmanni skal útvegað sæti á besta stað í stúku, eða á öðrum góðum stað sé stúka ekki til staðar.

## Aðstaða dómara og aðstoðardómara

Lágmarksbúnaður í dómaraherbergi eru stólar, borð, tölva með nettengingu (vegna skráningar á leikskýrslu), skriffæri og flögg fyrir aðstoðardómara. Æskilegt er einnig að þar séu til staðar boltapumpa, loftmælir og vog. Munið eftir aðstöðu fyrir fjórða dómara þegar við á. Taka þarf frá upphitunarsvæði á vellinum fyrir dómara leiksins.

*Upphitunarsvæði dómara*



## Markatafla og klukka

Félögum í Pepsi-deild karla, Pepsi-deild kvenna og Inkasso-deild karla ber að hafa markatöflu og klukku á leikvelli sínum og starfsmann til að sinna henni.

Í öllum leikjum á að stöðva vallarklukkan þannig að hún sýni 45 mín. í lok fyrri hálfleiks og 90 mín. í lok leiks. Sama gildir þegar leikir eru framlengdir, þ.e. að vallarklukkan sýni 15 mín. í lok fyrri hálfleiks framlengingar og 30 mín. í lok framlengingar.

## Hljóðkerfi

Félögum í Pepsi-deild karla, Pepsi-deild kvenna og Inkasso-deild karla ber að hafa hátalarakerfi á leikvöllum sínum. Mikilvægur þáttur í umgjörð leiksins er að koma skilaboðum og upplýsingum til áhorfenda.

## Leikvöllur

- Góður og sléttur leikvöllur er ein af forsendum skemmtilegrar knattspyrnu. Grasvelli ætti að slá á leikdegi (sláttuhæð 25-30 mm).
- Kynnið ykkur lágmarksstærð leikvalla (upplýsingatafla er í viðauka með þessu hefti).
- Það er á ábyrgð heimaliðs að leikvöllur sé rétt merktur (helst eftir línu) og að það sé gert tímanlega. Mikilvægt er í þessu sambandi að fylgjast vel með veðri. Í mikilli vætu getur þurft að endurstrika línur rétt fyrir leik og í hálfleik.
- Dómari og aðstoðardómarar skulu í sameiningu skoða leikvöll og vallaraðstæður fyrir leik. Fulltrúi heimafélags og/eða vallaryfirvalda skal ætíð vera tiltækur og einnig viðstaddur óski dómari þess.
- Það er alfarið á valdi dómara að ákvarða hvort leikvöllur og vallaraðstæður séu fullnægjandi og hvort leikur skuli fara fram.

## Varamannaskýli

Í öllum leikjum í meistaraflokki er gerð krafa um varamannaskýli og skulu þau rúma a.m.k. 14 manns. Vakin er athygli á því að í keppni meistaraflokks mega varamenn vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á varamannabekk sitja aðeins þeir sem skráðir hafa verið á leikskýrslu. Félög skulu gæta þess að varamenn og liðsstjórn verði

ekki fyrir aðkasti áhorfenda, t.d. með því að girða af varamannaskýli þar sem við á og nauðsynlegt þykir að gera slíkt. Mælt er með að fjarlægð girðingar til hliðar frá varamannaskýlum sé a.m.k. 10 metrar og 5 metrar aftur fyrir skýlin, þar sem því verður við komið.

### **Skiptisþjöld**

Skiptisþjöld skulu vera til staðar á leikvöllum og skulu notuð til að auðvelda leikmannaskipti. Þar sem við á þurfa spjöldin a.m.k. að geta sýnt númer frá 1 upp í 99. Skiptisþjöldin skulu staðsett milli varamannaskýla eða hjá fjórða dómara.

### **Sjúkrabörur**

Sjúkrabörur skulu vera tvær á öllum leikjum. Heimalið þarf að manna þær (2-4 starfsmenn). Í Pepsi-deild karla, Pepsi-deild kvenna, Inkasso-deild karla og í Borgunarbikarnum (frá 32-liða úrslitum karla og frá 16-liða úrslitum kvenna) fá meiddir leikmenn ekki meðhöndlun á leikvelli. Þeir skulu fara út fyrir leikvöll til meðferðar og skal aðeins gera undantekningu þegar markvörður á í hlut eða dómari telur að um alvarleg meiðsli geti verið að ræða. Dómarinn skal kanna hvort leikmaðurinn geti farið sjálfur af velli, en láta ella bera hann út af á sjúkrabörum.

### **Læknir eða sjúkrabjálfi á leikjum**

Í staðalformi leikmannasamnings er þess getið í kafla um skyldur félags að samningafélag skuli „sjá til þess að á leikjum meistaraflokks sé til taks læknir, hjúkrunarfræðingur eða sjúkrabjálfi“.

### **Hjartastuðtæki**

Hjartastuðtæki á að vera til staðar á öllum leikvöngum og aðgengi að því auðvelt og fljótlegt komi upp sú staða að nota þurfi tækið á og/eða við leiksvæðið.

### **Mörk**

Mörkin og netin skulu vera samkvæmt knattspyrnulögunum. Minnt er á, að markstangir og þverslá skulu vera hvítar að lit. Einnig þurfa að vera til staðar varamörk (sem geta nýst fyrir upphitun).

### **Hornfánar**

Minnt er á að lágmarkshæð hornfána er 1,5 m. Heimilt er að setja merki knattspyrnu-sambands eða knattspyrnufélags, merki viðkomandi keppni o.s.frv. á hornfánana. Ekki er heimilt að setja auglýsingar á hornfána.

### **Auglýsingaskilti**

Fjarlægðir frá auglýsingaskiltum og leikvelli verða að standast mannvirkjareglugerð. Þetta þarf sérstaklega að hafa í huga ef strikaður keppnisvöllur er færður til innan leiksvæðisins á keppnistímabilinu.

- ↳ Fjarlægð milli hliðarlínu og auglýsingaskilta skal vera a.m.k. 4 metrar.
- ↳ Fyrir aftan mark skal fjárlægðin vera a.m.k. 5 metrar, en má minnka smám saman í 3 metra við hornfána.
- ↳ Tveggja metra há auglýsingaskilti skulu vera 6 metra frá endalínu.
- ↳ Liggjandi auglýsingar á öryggissvæði vallarins skulu vera 1 metra fyrir aftan endalínu og 1 metra frá marki. Auglýsingarnar mega ekki skyggja á aðrar auglýsingar eða hafa truflandi áhrif á umgjörð leiks. Ekki er heimilt að vera með liggjandi auglýsingu á hliðarlínu valla.

Auglýsingarnar skulu vera úr efni sem er ætlað til slíkra nota og festar á þann hátt að þær færast ekki úr stað né valdi hættu fyrir leikmenn eða aðra. Auglýsingarnar verða að þola að gengið sé á þeim.

**Fánar og fánastangir**

Á leikvöngum í Pepsi-deildum karla og kvenna skulu vera a.m.k. 12 fánastangir, en 6 í Inkasso-deild karla.

## FRAMKVÆMD OG UMGJÖRD LEIKS

### Umgjörð leikja skal vera í anda íþróttarinnar

Framkvæmdaraðili leiks skal leitast við að skapa umgjörð í kringum leikinn af sönnum íþróttanda og er því óheimilt að gera nokkuð það í umgjörð leiksins sem mismunað getur félögum. Þetta getur átt við um vinnu boltakrakka, yfirborð leikvallarins, notkun hljóðkerfis og annað í tengslum við umgjörð og framkvæmd leiksins.

### Dagur, tími og leikvöllur

Munið að láta alla hlutaðeigandi vita ef leikdegi, leiktíma og/eða leikvelli hefur verið breytt frá mótaskrá.

### Búningar liða

Klukkustund fyrir leik skulu forráðamenn beggja liða sýna dómurum keppnisbúninga sína. Að öðru leyti ákveður dómari hvar og hvenær hann skoðar búnað leikmanna fyrir leik. Séu búningar keppnisliðanna of líkir að mati dómara, ber aðkomuliði að leika í varabúningi. Samkvæmt reglugerð KSÍ um búnað knattspyrnuliða skulu litir varabúnings vera aðrir en litir aðalkeppnisbúnings. Gæta skal þess einnig að búningur markvarðar sé ekki líkur búningum í liði andstæðinganna.

Aftar í þessu hefti er að finna yfirlit yfir búninga liða í leikjum Pepsi-deildar karla. Félögum er bent á að fylgja því yfirliti algjörlega.

Athugið að leikmaður má ekki klæðast búningi sem á eru blóðblettir. Hafið því ávallt ónúmeraða treyju og buxur til taks á varamannabekk fyrir leikmann sem verður fyrir því að fá blóð í búning sinn.

### Leikur skal byrja á réttum tíma

Liðin eru minnt á að koma strax úr búningaklefa þegar dómari kallar þau til leiks. Allir leikmenn skulu ganga saman til leiks. Leikurinn skal hefjast á réttum tíma. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar leikur er í beinni útsendingu sjónvarps. Hálfleikurinn ætti að vera nákvæmlega 15 mínútur.

### Frítt á leiki

Ef boðið er frítt á tiltekna leiki, t.d. í boði ákveðins fyrirtækis, þá þarf hver og einn vallargestur að vera með aðgöngumiða á völlinn, til að hægt sé að fylgjast nákvæmlega með fjölda áhorfenda. Þannig mætti t.d. bjóða fólki að sækja frímiða á ákveðinn stað fyrir viðkomandi leik. Það skiptir máli að áhorfendatölur séu áreiðanlegar og eins nákvæmar og hægt er.

### Heiðursgestur, mínútuþögn o.fl.

Þegar félag býður heiðursgesti á leik, sem heilsar upp á liðin áður en leikur hefst, er nauðsynlegt að kynna slíkt fyrir aðkomuliði og dómara þannig að fullt tillit verði tekið til þess. Tilkynnið einnig dómara ef lukkuð krakkar fylgja liðum út á völlinn, ef haldin verður mínútuþögn fyrir leikinn, eða ef um aðrar upptökur er að ræða. Jafnframt þarf að tilkynna sjónvarpsrétthafa um allar slíkar upptökur ef um beina útsendingu er að ræða.

### Skemmtiatriði

Félög þurfa að laða að áhorfendur. Skemmtiatriði, lukkuðyr, hressileg tónlist og aðrar upptökur fyrir leik eða í hálfleik geta haft góð áhrif á aðsókn.

## Rafknúin gjallarhorn, trommur og/eða önnur hljóðfæri

Vakin er athygli á rafknúnum gjallarhornum sem notuð eru á meðal (oftast) hörðustu stuðningsmanna liðanna. Það er algjörlega á valdi vallaryfirvalda á hverjum stað fyrir sig að setja reglur um gjallarhorn, trommur og/eða önnur hljóðfæri. Það sem ber að hafa í huga er að notkunin trufli ekki aðra vallargesti og hafi bein (neikvæð) áhrif á upplifun þeirra af leiknum.

Ef notkunin gengur út á að hvetja stuðningsmenn til dáða og stýra stemmningunni ætti ekki að gera athugasemdir við notkunina. Ef hins vegar gjallarhornið er notað til að koma særandi og/eða miður fallegum skilaboðum áleiðis, til hvaða aðila sem er, ætti tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir.

## Boðvangurinn

Boðvangurinn er vinnusvæði þjálfara og annarra starfsmanna liðanna sem skráðir eru á leikskýrslu. Þar ættu engir aðrir að vera nema þeir sem skráðir eru á leikskýrsluna. Þjálfarar og aðrir starfsmenn verða að fá vinnufrið á sínu svæði.

## Keppnisknettir

Í Pepsi-deild karla, Pepsi-deild kvenna og í Borgunarbikar karla (frá og með 32-liða úrslitum) leggur heimalið til 7 löglega og eins leikknetti. Í öðrum deildum og í öðrum umferðum Borgunarbikars karla leggur heimalið til 3 eins leikknetti. Þeim skal komið fyrir í dómaraklefa áður en dómara mæta til leiks.

## Boltakrakkar

Heimalið skipar boltakrakka sem gæta aukaknatta (gott er að hafa sérstaka boltastanda). Félög skulu gefa krökkunum fyrirmæli um að leika sér ekki með aukaknetti. Í leikjum Pepsi-deilda karla og kvenna klæðast boltakrakkar vestum með merki deildarinnar. Í úrslitaleikjum Borgunarbikars karla og kvenna (og í öðrum leikjum í beinni útsendingu) klæðast boltakrakkar vestum/treyjum með merki bikarsins (ef við á). Boltakrakkar skulu vera 12 ára eða eldri (4. flokkur).

## Lukkukrakkar

Fyrir hvern leik í Pepsi-deild karla ganga lukkukrakkar inn á leikvöllinn með liðunum, í búningum sinna félaga. Fjöldi lukkukrakka í hverjum leik og fyrirkomulag er samkomulagsatriði milli félaganna sem leika.

## Dómarar og aðstoðardómarar

Félög eru minnt á að tryggja örugga brottför dómara og aðstoðardómara af vettvangi leiksins.

## Skilagrein

Eftir leiki í Borgunarbikarnum ganga félögin sameiginlega frá skilagrein á sérstöku eyðublaði sem KSÍ hefur gefið út. Eyðublaðið er aðgengilegt á vef KSÍ sem formúlusett Excel-skjal (<http://www.ksi.is/mot/eydublod/>). Fjöldi áhorfenda skal ávallt koma skýrt fram.

Í leikjum bikarsins greiða félögin sjálf 20% framkvæmdargjald sem rennur til heimaliðs og ferðakostnað aðkomuliðs og skal sá kostnaður færður á skilagreinina. Skilagreinin skal berast til skrifstofu KSÍ innan 8 daga frá leikdegi ásamt greiðslu í tapsjóð sem greiðist af nettótekjum frá og með 16 liða úrslitum sem hér segir:

- ↳ 10% í 16 og 8 liða úrslitum
- ↳ 15% í undanúrslitum og úrslitaleik



## ÞJÓNUSTA

### Aðkomulið

Fulltrúi heimafélags tekur á móti aðkomuliði og vísar því til búningsklefa. Í hálfleik og í leikslok skal vera kaffi (og/eða te) í klefanum fyrir liðið og svaladrykkir.

### Móttaka gesta og veitingar

Það er sjálfsögð kurteisi að bjóða forráðamönnum aðkomuliðs og eftirlitsmanni KSÍ (ásamt öðrum gestum heimaliðsins) í veitingar í hálfleik. Slíkt þarf að gera með ákveðnum hætti fyrir leik. Í sumum tilfellum eru forráðamenn gestaliðs komnir á leikstað á sama tíma og leikmenn og þjálfarar (70-90 mínútum fyrir leik). Þá er auðvitað sjálfsagt að bjóða mönnum upp á kaffi.

### Veitingasala

Veitingasölu þarf að undirbúa vel enda mikilvæg þjónusta við áhorfendur. Seljið alla drykki í plast- eða pappamálum. Glerflöskur og áldósir eru bannaðar.

Athugið að ef drykkir eru seldir í plastflöskum með skrúfutappa ætti að taka tappann af áður en kaupanda er afhent flaskan. Upp hafa komið mál þar sem lokuðum plastflöskum er kastað í dómara, starfsmenn eða áhorfendur. Ef tappinn er tekinn er mun erfiðara að kasta flöskunni.

### Dómarar og eftirlitsmaður

- ✎ Dómari og aðstoðardómarar skulu vera komnir á leikstað eigi síðar en klukkustund fyrir leik og skal fulltrúi heimafélags taka á móti þeim. Ef dómari er ekki mættur 45 mínútum fyrir leik skal strax haft samband við mótavakt KSÍ (510-2925).
- ✎ Heitir drykkir og svaladrykkir skulu vera til reiðu í dómaraherbergi fyrir leik, í leikhléi og eftir leik.
- ✎ Eftirlitsmaður KSÍ skal koma á leikstað eigi síðar en klukkustund fyrir leik og skal hann strax hafa samband við fulltrúa heimafélags og dómara. Hann skal fullvissa sig um að aðbúnaður aðkomufélags sé í lagi.
- ✎ Bjóðið eftirlitsmanni upp á heita drykki fyrir leik og í hálfleik (athugið að hann fer ekki inn í dómaraklefan í hálfleik).
- ✎ Eftirlitsmaður er opinber fulltrúi KSÍ á leik. Hann þarf að eiga frjálsan aðgang að öllu vallarsvæðinu fyrir leik og meðan á leik stendur. Hlutverk eftirlitsmanns er annars vegar að gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara og hins vegar um allt er varðar framkvæmd leiks og umgjörð hans. Að leik loknum skal eftirlitsmaður fara til dómaraherbergis og staðfesta leikskýrslu með áritun sinni og kennitölu. Félögum er sérstaklega bent á að eftirlitsmenn munu tilkynna KSÍ ef auglýsingar á keppnisbúningum félaga eru ekki samkvæmt gildandi reglum og ef mannvirki eða umgjörð uppfylla ekki reglugerð.
- ✎ Eftirlitsmaður hefur einnig það hlutverk að senda KSÍ skýrslu um háttvísi beggja liða í hverjum leik í Pepsi-deildinni. Þessar skýrslur eru lagðar til grundvallar við úthlutun Drago-styttunnar auk þess sem prúðasta liðið á möguleika á að hljóta sæti í Evrópudeild UEFA.
- ✎ Fyrir leik og eftir að leik lýkur skulu dómari og aðstoðardómarar að jafnaði hafa algert næði í búningsherbergi sínu. Undantekningar eru óhjákvæmileg samskipti þeirra við eftirlitsmann og fulltrúa félaganna. Heimafélag skal gæta þess, að þeir verði ekki fyrir óþarfa truflun og þá skal alls ekki ónáða í leikhléi.

## STARFSFÓLK HEIMALÍÐS

### Ábyrgðarmaður leiksins

Félög ættu að tilgreina einn aðila sem er ábyrgur fyrir framkvæmd leiksins og umgjörð hans. Ábyrgðarmaðurinn stjórnar öllum aðgerðum og verður að vera staðsettur þannig á leikvanginum að auðvelt sé að ná til hans. Þá verður að nást í hann símleiðis fyrir leik og eftir leik. Mikilvægt er að dómara og eftirlitsmaður geti leitað til hans, sem og fulltrúar gestaliðs, fulltrúar fjölmiðla og aðrir. Ábyrgðarmaðurinn gefur sig fram við dómara og eftirlitsmann þegar þeir mæta til leiks. Í flestum tilfellum ætti þetta að vera framkvæmdastjórinn. Athugið að hann ætti ekki jafnframt að gegna hlutverki öryggisstjóra og/eða fjölmiðlafulltrúa.

### Öryggisstjóri

Í samræmi við reglur leyfiskerfis KSÍ hafa félög í Pepsi-deild karla skipað öryggisstjóra heimaleikja. Hann skal vera tiltækur á öllum heimaleikjum félagsins og hafa náð samstarf við vallarþul og ábyrgðarmann leiksins. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af skipulagningu gæslumála á íþróttaviðburðum eða öðrum ámóta samkomum og gerð er krafa um að hann uppfylli þau skilyrði sem skilgreind eru í leyfisreglugerð KSÍ.

### Tengiliður við stuðningsmenn / Tengiliður við fatlaða stuðningsmenn

Í samræmi við reglur leyfiskerfis KSÍ hafa félög í Pepsi-deild karla skipað sérstakan tengilið við stuðningsmenn og jafnframt sérstakan tengilið við fatlaða stuðningsmenn og er honum/þeim báðum ætlað að hafa náð samstarf við öryggisstjóra. Helstu hlutverk tengiliðsins:

- Tengill milli knattspyrnufélagsins og stuðningsmanna liða þess, ábyrgur fyrir upplýsingagjöf til allra viðeigandi aðila.
- Þarf að þekkja siði og venjur helsta stuðningsmannahóps og njóta trausts bæði stuðningsmannanna og fulltrúa félagsins.
- Hefur samband við tengiliði stuðningsmanna hjá öðrum félögum fyrir leiki til að afla upplýsinga og veita upplýsingar um fyrirætlanir og venjur stuðningsmanna liðanna.
- Heldur utan um stuðning við fatlaða stuðningsmenn og tryggir aðgengilega aðstöðu og þjónustu fyrir þá.

### Gæslumenn

Gæslu má skipta í tvennt, annars vegar er um að ræða gæslu við ytri mörk leikvallar og hins vegar við leikvöll. Heimafélag er ábyrgt fyrir öryggi leikmanna, dómara, aðstoðardómara og eftirlitsmanns. Skal þess vandlega gætt að nauðsynleg öryggisgæsla sé til staðar og að leikmenn, dómara og aðstoðardómara fái fylgd að og frá leikvelli þannig að áhorfendur eða forráðamenn félaga eigi ekki óhindraðan aðgang að þeim (sérstaklega í leikslok). Gefið þessum aðilum skýr fyrirmæli þannig að gæslan bregðist ekki. Þetta er sérlega mikilvægt, þegar ekki er unnt að aðskilja leiðir leikmanna og dómara annars vegar og áhorfenda hins vegar. Munið að ævinlega þarf sérstaka menn til að gæta öryggis dómara og aðstoðardómara. Miða skal við að 1 öryggisvörður sé fyrir hverja byrjaða 200 áhorfendur, en þó skulu þeir aldrei vera færri en 5. Athugið að gæslumenn skulu vera auðkenndir á áberandi hátt til að ekki fari á milli mála hverjir eru í gæslu. Athugið einnig að gæslumenn eru starfsmenn leiksins og eiga því að gæta fyllsta hlutleysis og gæta framkomu sinnar gagnvart dómurum, áhorfendum og öðrum.

## Starfsmenn á öryggisvæði vallarins

Starfsmenn leiks sem þurfa að sinna störfum sínum inni á öryggisvæði vallarins skulu vera auðkenndir á áberandi hátt til að ekki fari á milli mála að þeir séu þar til að sinna hlutverki sínu. Þetta getur t.d. átt við um vallarstarfsmenn, starfsmenn félaganna og aðra.

## Kynnir (vallarpulur)

Býður fólk velkomið til leiks í viðkomandi móti (*Pepsi-deild* eða *Borgunarbikarnum* þar sem við á) og minnir á samfélagsleg verkefni. Jafnframt ætti hann að vekja athygli vallargesta á því að leikskýrslu leiksins megi þá þegar nálgast á vef KSÍ. Vallarpulur kynnir liðin (fyrst gesti), dómara og eftirlitsmann við upphaf leiks, tilkynnir hverjir skora mörk og þegar skiptingar eiga sér stað, auk þess að tilkynna um mörk sem skoruð eru í öðrum leikjum sem fara fram á sama tíma. Ekki er mælt með því að vallarpulur tilkynni um hverjir hljóti áminningar í leiknum, hvorki leikmenn né aðrir. Stuðningi vallarpular við heimalið í gegnum hátalarakerfi vallarins ætti að stilla í hóf og slíkt ætti ekki að eiga sér stað á meðan leikur er í gangi.

## Fjölmiðlafulltrúi

Í samræmi við reglur leyfiskerfis KSÍ hafa félög í Pepsi-deild karla skipað sérstakan fjölmiðlafulltrúa. Fjölmiðlafulltrúi heimaliðs þarf að vera tiltækur á öllum leikjum í Pepsi-deild karla. Afar mikilvægt er að fjölmiðlafulltrúi sé sýnilegur þannig að fjölmiðlafólk geti leitað til hans. Hann skal hafa yfirumsjón með þjónustu við fjölmiðla á leikstað, sjá til þess að leikskýrslur berist og aðstoða við að afla viðtala að leik loknum. Þegar um beina útsendingu er að ræða gefur fjölmiðlafulltrúi sig fram við starfsfólk sjónvarpsstöðva fyrir leik og ræðir staðsetningu sjónvarpsviðtala í hálfleik og að leik loknum.

Æskilegt er að fjölmiðlafulltrúi hafi reynslu af fjölmiðlun, hafi þjónustulund og góða hæfileika í almennum samskiptum við fólk.

Ef mögulegt er ætti fjölmiðlafulltrúi að fylgja sínu liði í útileiki. Þátttaka hans í þjónustu við fjölmiðla að leik loknum (viðtöl) getur skipt sköpum, sérstaklega í beinum útsendingum.

Fjölmiðlafulltrúi á að fylgja sínu liði í úrslitaleikjum Borgunarbikarsins og aðstoða við öflun viðtala að leik loknum.

## Markaðsfulltrúi

Til að vinna að aukningu áhorfenda er lagt til að öll félög skipi sérstakan markaðsfulltrúa, sem hefur það hlutverk að vinna markvisst að því að auka fjölda áhorfenda á heimaleikjum síns liðs. Markaðsfulltrúinn ætti að vera virkur í skipulagningu og framkvæmd heimaleikja síns félags.

*Almennt eru öll félög hvött til að skipa í fyrrgreindar stöður, burtséð frá því í hvaða deild er leikið og burtséð frá því hvort félagið undirgangist leyfiskerfi KSÍ eður ei.*

## FJÖLMIÐLAR – AÐSTAÐA

### Aðstaða fulltrúa fjölmiðla

Starfsmönnum fjölmiðla þarf að skapa sem besta vinnuástöðu. Félög í Pepsi-deild karla eru minnt á kröfur í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Vinnusvæði fjölmiðla þurfa að vera vel skilgreind og aðgreind frá öðrum svæðum á leikvanginum, s.s. svæði keppnisliðanna og áhorfenda, með viðeigandi girðingu og/eða gæslu. Félög eru jafnframt minnt á að skapa sem besta aðstöðu til sjónvarps- og útvarpsþendinga frá leikvöllum sínum.

### Sjónvarp og útvarp – Aðkoma útsendingarbíla

Útsendingabílar þurfa að hafa auðvelt aðgengi að leikvanginum og að vinnusvæði sjónvarps. Ábyrgðarmaður leiks eða fjölmiðlafulltrúi ætti að gefa sig fram við starfsfólk sjónvarps um leið og bíllinn kemur að leikvanginum og aðstoða eftir bestu getu þannig að undirbúningur útsendingar geti hafist og gangi snurðulaust. Aðgangur að rafmagni strax við komu er lykilatriði.

Æskilegt er að ljósleiðari sé á sama stað og rafmagnstengi fyrir útsendingarbíl. Allur leikurinn er tekinn upp í háskerpu (HD) og því nauðsynlegt að aðgengi að ljósleiðara sé til staðar strax við komu á leikvang, hvort sem um að ræða beina útsendingu með útsendingarbíl og viðeigandi útbúnaði eða einungis eina vél sem tekur upp leikinn.

Nauðsynlegt er öryggis vegna að útsendingarbílar séu afgirtir frá áhorfenda-svæðum og með viðeigandi gæslu þar sem þarf. Stórtjón geta orðið á búnaði sé hann rifinn fyrirvaralaust úr sambandi. Eins er augljóst að ef samband við rafmagn og/eða ljósleiðara rofnar, þá rofnar útsendingin.

### Sjónvarp og útvarp - Lýsendur

Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga er mælt með minnst tveimur föstum básum fyrir sjónvarpsþuli og útvarpsþuli. Þeir skulu vera fyrir miðjum velli, helst gegnt aðalstúku, sömu megin og aðalmyndavélarnar, undir þaki frekar en inni, og auðvitað með góðu útsýni yfir leikvöllinn, þannig að gæta þarf þess að hafa gluggana nógu stóra (gámaþjónustur eru með góðar lausnir). Plexigler eða annar álíka búnaður skal aðskilja þularbása frá áhorfendum þar sem við á. Í hverjum bás skal vera borð til skrifta o.fl. og básinn vel upplýstur. Þá skal vera símatengi í hverjum þularbás. Athugið að aðalmyndavél sjónvarps verður að vera sömu megin á öllum leikjum. Félögin verða að tryggja að myndatökumenn fylgi því.

### Aðalmyndavél sjónvarps – Staðsetning og aðstaða

Kjörstaðsetning aðalmyndavélar sjónvarps er á móti aðalstúku þannig að áhorfendur séu í bakgrunni. Hæðin þarf að vera í 5 metrum eða ofar (t.d. ofan á tveimur gámum) og fjarlægð frá hliðarlínu ætti að vera a.m.k. 10 metrar (10-15). Myndavélin verður að geta séð allan völlinn. Engir áhorfendur (eða aðrar hindranir) ættu að vera fyrir framan aðalmyndavél. Ekkert má skerða útsýni og sjónarhorn aðalmyndavélar (frekar en annarra véla).

Hefðbundin uppsetning útsendingar er þannig að tvær myndavélar eru fyrir miðjum velli gegnt stúku ofan á gámnum (aðalmyndavél og vél fyrir nærmyndir). Myndavélar (2) á pöllum á hliðarlínu við sitt hvorn vítateiginn. Myndavél milli varamannabekkjja (þar sem því er við komið) eða til hliðar við varamannabekki. Sú vél fer að öllu jöfnu út á völl fyrir og eftir leik. Í sumum tilfellum er bætt við myndavél(um) fyrir aftan mörkin.

### **Sjónvarpsgámar – Myndatökumenn og öryggi þeirra**

Gæta þarf vel að öryggi myndatökumanna á þeim völlum þar sem svokallaðir sjónvarpsgámar eru til staðar. Girðing ofan á gámnum þarf að vera trygg (hæð 140 cm), sem og stiginn upp á gáminn (fastur með þrepum). Myndatökumönnum verður að skapa öruggt og þægilegt vinnuumhverfi, enda starfa þeir oft við erfiðar veðurfarslegar aðstæður.

### **Sjónvarpsgámar – Hljóðeinangrun**

Í sjónvarpsgámum verður að setja upp e.k. hljóðeinangrun svo hljómgæði lýsenda í útsendingum verði sem best (ekki „dósahljóð“). Úr þessu er auðvelt að bæta með t.d. steinullarplötum eða gardinum á veggina.

### **Viðtalsbakgrunnur fyrir sjónvarpsviðtöl**

Félög ættu að setja upp viðtalsbakgrunna fyrir sjónvarpsviðtöl eftir leiki. Staðsetningar ættu að vera í samráði við fulltrúa sjónvarpsstöðvanna og KSÍ. Á viðtalsbakgrunninum ættu merki helstu samstarfsaðila félaganna auðvitað að vera, auk merkis Pepsi-deildarinnar. Hafið bakgrunninn nógu stóran til að fleiri en einn miðill geti athafnað sig þar á sama tíma. Jafnvel betra er að vera með tvo bakgrunna. Dæmi um uppsetningu er hér aftar í þessu hefti.

### **Þráðlaust net í fjölmiðlaaðstöðu**


Minnt er á að setja verður upp þráðlaust net í aðstöðu fjölmiðla. Öflug og traust tenging við internet er algjör grundvallarforsenda þess að fulltrúar fjölmiðla geti unnið sitt starf. Aðgangur fjölmiðla að interneti verður að vera læstur með lykilorði sem einungis fulltrúar þeirra hafa aðgang að. Reikna ætti með að búnaður þráðlauss nets ætti að ráða við a.m.k. 20 tengingar.

## Vinnusvæði ljósmyndara

Mikilvægt er að ljósmyndarar fái ekki mismunandi skilaboð um hvar þeir geti athafnað sig frá einum leik til annars á viðkomandi leikvangi. Meðan á leik stendur skulu ljósmyndarar eingöngu vera við endalínu, en við hliðarlínu þar sem því verður við komið, þó ekki ofar en að vítateigslínu (16 metra) og alls staðar í hæfilegri fjarlægð frá línunum vallarins (3-5 metra). Merkja ætti fjarlægðir með einföldum og skýrum hætti.

Ljósmyndarar skulu vera aðgreindir sérstaklega frá öðrum með þar til gerðum vestum. Grár eða brúnn litur er ákjósanlegur fyrir slík vesti, en einnig má notast við t.d. skærgræn. Ljósmyndarar eiga aldrei að fara inn á leikvöllinn, nema með sérstöku leyfi vallaryfirvalda.

## Skýringarmynd - vinnusvæði ljósmyndara



## FJÖLMIÐLAR – ÞJÓNUSTA

### Þjónusta við fjölmiðla

Leikskýrslu skal komið til fjölmiðla eins fljótt og mögulegt er. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um beina sjónvarpsútsendingu er að ræða. Munið eftir veitingum handa fjölmiðlafólki (ekki gleyma ljósmyndurum og starfsfólki sjónvarpsrétthafa!). Í Pepsi-deild karla er afar mikilvægt að fjölmiðlafulltrúi félags sé til staðar og sé sýnilegur þannig að fjölmiðlafólk geti leitað til hans.

### Sjónvarpsviðtöl

Fjölmiðlafulltrúi félags gefur sig fram við starfsfólk sjónvarpsstöðva fyrir leik og ræðir staðsetningu sjónvarpsviðtala í hálfleik og að leik loknum. Mikilvægt er að sýna samstarfsvilja og sveigjanleika svo hægt verði að ná sem bestum árangri fyrir alla aðila. Félög þurfa að gefa leikmönnum og þjálfurum skýr fyrirmæli um staðsetningu sjónvarpsviðtala.

Athugið að sjónvarpsrétthafi (Stöð 2 Sport) hefur alltaf forgang í viðtöl. Ef leikmaður eða þjálfari er að bíða eftir að fara í viðtal við Stöð 2 Sport í beinni útsendingu ætti að gæta þess að hann fari ekki fyrst í annað viðtal.

### Viðtöl fulltrúa fjölmiðla við leikmenn og þjálfara

Mikilvægt er að gefa fjölmiðlafólki tækifæri á viðtölum við þjálfara og leikmenn að leik loknum hvort sem um beina útsendingu frá leiknum er að ræða eður ei. Hafið einnig í huga að prentmiðlar vinna oft á þröngum tímaramma, takið tillit til þeirra.

Athugið að blaðamenn ættu aldrei að fara inn fyrir girðingu og inn á völlinn í leikslok, ekki frekar en aðrir vallargestir. Aðeins fulltrúar sjónvarpsstöðvar í beinni útsendingu (rétthafi) geta verið fyrir innan girðingu.

Sjónvarpsvélur og ljósmyndarar eiga aldrei að vera inni í búningsklefa leikmanna eftir leik, nema með samþykki viðeigandi aðila.

*Í beinni sjónvarpsútsendingu:*

↳ Fjölmiðlafulltrúi gefur sig fram við fulltrúa sjónvarpsrétthafa (Stöð 2 Sport) fyrir leik og ræðir staðsetningar og fyrirkomulag viðtala í hálfleik og að leik loknum. Viðtöl fyrir leik og í hálfleik geta farið fram hvar sem er, en viðtöl eftir leik ættu alltaf að fara fram hjá viðtalsbakgrunni.

↳ Skömmu fyrir leikslok fær fjölmiðlafulltrúi upplýsingar hjá fulltrúa sjónvarpsrétthafa um hvaða leikmönnum er óskað eftir í viðtal. Þjálfarar beggja liða koma fyrstir í viðtal, strax eftir að flautað er af, og þá gefst fjölmiðlafulltrúanum tími til að sækja þá leikmenn sem óskað var eftir. Þjálfarar og leikmenn eiga að vera klárir í viðtal strax eftir leik og fara ekki fyrst inn í búningsklefa.

*Í öðrum leikjum og fyrir alla aðra fjölmiðla:*

↳ Fjölmiðlafulltrúi kynnir fyrir blaðamönnum og öðrum viðeigandi aðilum hvar leikmenn verði til taks í viðtöl eftir leik. Staðsetning ætti að vera ákveðin fyrir keppnistímabilið í samráði við fjölmiðla, nærri búningsklefum, og ætti að haldast óbreytt milli leikja.

↳ Mikilvægt er að fjölmiðlafulltrúi félags sé nálægur til að aðstoða fjölmiðla við öflun viðtala. Að öllu jöfnu ættu leikmenn og þjálfarar að vera klárir í viðtöl eigi síðar en 10 mínútum eftir að leik lýkur.

*Fjölmiðlafulltrúar félaga eru hvattir til að þrýsta á fulltrúa fjölmiðla að sameinast um viðtöl, sérstaklega við þjálfara liðanna. Ótækt er að þjálfari þurfi að fara í*

*einstaklingsviðtal við alla þá fjölmiðla sem viðstaddir eru leikinn, jafnvel 7-8 viðtöl eftir einn leik.*

### Úrslitaleikur í Borgunarbikar

Í úrslitaleik Borgunarbikarsins getur einungis sjónvarpsrétthafi fengið viðtöl við þjálfara og/eða leikmenn allt þar til verðlaunaafhendingu og myndatöku lýkur. Þegar sjónvarpsrétthafi hefur lokið sínum viðtölum og sinni útsendingu er fréttamönnum annarra miðla hleypt að.

Félög sem leika til úrslita í Borgunarbikarnum þurfa að virkja fjölmiðlafulltrúa sína á leiknum, til að styðja fulltrúa sjónvarpsrétthafa við öflun viðtala fyrir leik, í hálfleik og sér í lagi eftir leik.

## SKRÁNING ÚRSLITA OG LEIKSKÝRSLU

### Leikskýrsla - Form og vinnulag

- Vinna við gerð leikskýrslunnar fer fram með lykilorði viðkomandi félaga á svæðinu „Séraðgerðir“ á vef KSÍ ([http://www.ksi.is/innri\\_adgangur](http://www.ksi.is/innri_adgangur)).
- Hvert félag stofnar lista (leikskýrslulista) yfir leikmenn/forráðamenn í viðkomandi aldursflokki.
- Leikskýrslan er skráð með því að velja viðkomandi leik og velja leikmenn/forráðamenn á hana úr tilheyrandi leikskýrslulista.
- Þegar bæði lið hafa skráð sína leikmenn á skýrsluna er hún prentuð út og afhent dómara leiksins, eigi síðar en 45 mínútum fyrir leik. Bæði félög geta fyllt út skýrsluna með góðum fyrirvara, þess vegna daginn áður. Sú skráning er aðeins aðgengileg viðkomandi félagi og birtist ekki á vef KSÍ fyrr en klukkustund fyrir skráðan leiktíma. Skýrslan er hins vegar ekki aðgengileg til útprentunar fyrr en klukkustund fyrir upphaflegan leiktíma.
- Í leikjum þar sem dómari er tilnefndur af KSÍ skal hann skrá atburði leiksins á leikskýrslu og staðfesta hana áður en hann yfirgefur leikstað. Í búningsherbergi dómara þarf því að vera nettengd tölva til afnota fyrir dómara leiksins. Í öðrum leikjum ber heimalið ábyrgð á að fylla út leikskýrslu eftir leik og skila frumriti til KSÍ.

Nánari leiðbeiningar um vinnulagið er að finna á vef KSÍ og aftar í þessu hefti.

Það er á verksviði heimafélags að koma frágenginni leikskýrslu til dómara á réttum tíma og afritum af henni til fulltrúa fjölmiðla og vallaþular.

### Að leik loknum

Þar sem dómari er tilefndur af KSÍ skal hann skrá atburði leiksins og staðfesta leikskýrslu áður en hann yfirgefur leikstað og skal því nettengdur tölvubúnaður vera í búningsherbergi dómara til afnota. Í öðrum leikjum skal heimalið skrá skýrsluna í gagnagrunn KSÍ og koma frumriti hið fyrsta til skrifstofu KSÍ.

Nánari leiðbeiningar er að finna í handbók um skráningu í gagnagrunn, sjá aftar í þessu hefti. Sjá einnig á vef KSÍ: [http://www.ksi.is/mot/skraning\\_urslita/](http://www.ksi.is/mot/skraning_urslita/)



### Áhorfendatölur

Eftir hvern leik skal heimalið koma upplýsingum um heildarfjölda áhorfenda (börn, fullorðnir og boðsmiðar meðtaldir - ekki bara seldir miðar) til eftirlitsmanns KSÍ áður en leik lýkur.



## Skýrsla eftirlitsmanns

Skýrsla eftirlitsmanns um framkvæmd leiks er aðgengileg á vef KSÍ fáeinum dögum eftir viðkomandi leik. Til að skoða skýrsluna er smellt á „Framkvæmd leiks“ neðst í leikskýrslu.

17	<a href="#">Halldor Orn Hjaltason</a>	 Inn	86	11	<a href="#">Arnar Mar</a>
14	<a href="#">Hlynur Atli Magnússon</a>	 Út	86	12	<a href="#">Heiðar Æg</a>

Fyrri hálfleikur:	1-2
Seinni hálfleikur:	2-2
<hr/>	
<b>Úrslit:</b>	<b>3-4</b>

<b>DÓMARAR</b>
Dómari
Aðstoðardóma
Aðstoðardóma
Eftirlitsmaður

---

---

[Framkvæmd leiks](#)

## TENGILIÐUR

### Starfsmenn KSÍ vegna Pepsi-deildar og Borgunarbikars

Hilmar Þór Guðmundsson ([hilmar@ksi.is](mailto:hilmar@ksi.is)) og Óskar Örn Guðbrandsson ([oskar@ksi.is](mailto:oskar@ksi.is)) fara með kynningarmál Pepsi-deildar og Borgunarbikars á skrifstofu KSÍ. Félögum er bent á að hafa náið samstarf við þá.

## LEYFISREGLUGERÐ

### Aðstaða

Þátttaka í efstu tveimur deildum byggist ekki aðeins á árangri keppnisliðs félags heldur einnig á ýmsum þáttum í rekstri þess og þeirri aðstöðu sem félagið getur boðið leikmönnum, stuðningsmönnum sínum og fjölmiðlum. Útgáfa vallarleyfa er í höndum mannvirkjanefndar og leyfisráð gefur ekki út þátttökuleyfi til félags nema fyrir liggja að viðkomandi leikvangur sé með útgefið vallarleyfi fyrir keppnistímabilið.

### Læknisskoðun leikmanna

Samkvæmt leyfisreglugerð KSÍ skal leyfissamsækjandi í efstu deild tryggja að allir leikmenn hans sem eru gjaldgengir í meistaraflokki fari árlega í almenna læknisskoðun. Staðfesting læknis á að læknisskoðunin hafi fari fram árið á undan skal lögð fram af leyfissamsækjanda með leyfissókn. Læknisskoðun skal lokið fyrir 10. júní ár hvert.

Leikmenn þeirra 4 félaga sem leika í UEFA-mótum á árinu undirgangast ítarlega læknisskoðun samkvæmt mótareglum þar um. Sú læknisskoðun er mun víðtækari en almenn skoðun og þurfa því leikmenn þeirra félaga ekki að undirgangast almenna læknisskoðun að auki. Leikmenn hinna 8 félaganna í efstu deild undirgangast því almenna læknisskoðun.

### Engin vanskil

Mjög mikilvægt er að vinna við leyfismál sé sífellt til skoðunar innan hvers félags og unnið sé að nauðsynlegum úrbótum. Gefa þarf fjármálum sérstakan gaum og færa verður bókhald með reglulegum hætti. Leyfissamsækjendur mega ekki vera í vanskilum við önnur knattspyrnufélög vegna félagaskipta leikmanna, eða vegna skuldbindinga (laun og annað) við þjálfara, leikmenn og aðra lykilstarfsmenn. Sýna þarf fram á að ekki séu vanskil til staðar um áramót og aftur 1. apríl.

### Ráðning þjálfara

Athygli félaga er sérstaklega vakin á ráðningu nýrra þjálfara. Allir þjálfarar þurfa að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um menntun og settar eru fram í leyfisreglugerð KSÍ og reglugerð um menntun knattspyrnuþjálfara. Þetta á jafnt við um aðalþjálfara sem aðstoðarþjálfara. Hægt er að kanna menntun þjálfara á vef KSÍ: <http://www.ksi.is/fraedsla/thjalfarar/>

Nánar um leyfiskerfið á vef KSÍ:

<http://www.ksi.is/leyfiskerfi>

## VIÐBÓTAREFNI

Gátlistar, skýringarmyndir, leiðbeiningar, tilmæli, eyðublöð

**Viðbótarefni hjálagað hér fyrir aftan í þessari röð:**

1. Mótamál: Niðurröðun móta
2. Mótamál: Upplýsingatafla fyrir leiki í mótum á vegum KSÍ
3. Mótamál: Skráning í gagnagrunn KSÍ – Gerð og frágangur leikskýrlna
4. Dómaramál: Breytingar á knattspyrnulögunum
5. Dómaramál: Áhersluatriði dómaranefndar
6. Dómaramál: Fyrirmæli um meðferð meiddra leikmanna
7. Dómaramál: Boðvangur – Stjórnun
8. Dómaramál: Greiðslur til dómara
9. Búningar: Búningar liða í Pepsi-deild karla
10. Búningar: Búningar liða í Pepsi-deild kvenna
11. Framkvæmd leiks: Minnislisti - Skyldur við samstarfsaðila
12. Framkvæmd leiks: Minnislisti – Framkvæmd og tímatafla leikja í deild og bikar
13. Framkvæmd leiks: Staðsetningar skilta í Pepsi-deild
14. Framkvæmd leiks: Staðsetningar skilta í Borgunarbikarnum
15. Framkvæmd leiks: Staðsetningar skilta í Inkasso-deild
16. Framkvæmd leiks: Tímaáætlun (niðurtalning) fyrir leiki í deild og bikar
17. Framkvæmd leiks: Dagskrá fyrir leik þegar lið ganga til leiks - Pepsi-deildin
18. Framkvæmd leiks: Dagskrá fyrir leik þegar lið ganga til leiks - Borgunarbikarinn
19. Vallarmál: Merking knattspyrnuvallar
20. Vallarmál: Upphitun leikmanna fyrir leiki
21. Fjölmíðlar: Sjónvarpsviðtöl – Bakgrunnur
22. Fjölmíðlar: Viðtöl eftir leiki
23. Niðurröðun Pepsi-deildar karla og breytingar vegna UEFA leikja
24. Eyðublað: Ósk um breytingu á leik
25. Eyðublað: Skilagrein yfir tekjur og gjöld (Borgunarbikarinn)
26. Eyðublað: Yfirlýsing um félagaskipti
27. Eyðublað: Tilkynning um tímabundin félagaskipti
28. Eyðublað: Staðalsamningur KSÍ
29. Leikmenn: Yfirlýsing milliliðar (einstaklingur)
30. Leikmenn: Yfirlýsing milliliðar (lögaðili)
31. Leikmenn: Læknisskoðun leikmanna – leiðbeiningar/tilmæli
32. Leikmenn: Læknisskoðun leikmanna - skýrsluform
33. Félög: Verðlaunafé í Pepsi-deildum, Inkasso-deild og Borgunarbikar

***Ofangreind skjöl eru hjálögð hér félögum til hagræðis og þannig að hægt sé að fjölfalda þau eftir þörfum ef við á.***

***Þessa handbók ásamt viðaukum er einnig að finna á vef KSÍ:***

***<http://www.ksi.is/mot/handbok-leikja/>***